


# Fjallabyggð



## FRÉTTATILKYNNING

### Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar 2016 Fyrri umræða

Samþykkt var í Bæjarstjórn Fjallabyggðar, 11. nóvember 2015, að vísa tillögu að fjárhagsáætlun 2016 og 2017-2019 til umfjöllunar í bæjarráði og síðari umræðu í bæjarstjórn.

Reiknað er með eftirfarandi forsendum:

1. Hækkun launa um 8% á milli ára.
2. Hækkun staðgreiðslu útsvars 8,9% á milli ára samkv. spá Samb. ísl. sveitarfélaga.
3. Óbreytt útsvar 14,48% og óbreytt álagningaráprósenta fasteignagjalda.
4. Hækkun þjónustugjalda á milli ára er almennt 4,5%.
5. Miðað er við verðbólgu samkvæmt þjóðhagsspá.

Rekstrarafgangur A hluta, Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar er áætlaður 143 milljónir kr.

Rekstrarafgangur A og B hluta er áætlaður 245 milljónir kr.

Veltufé frá rekstri er 474 milljónir kr. eða 21,5%.

Fjárfestingar næsta árs eru áætlaðar 420 milljónir kr. og afborganir langtímakrafna 74 milljónir. Stærstu framkvæmdir eru:

- a) stækkun leikskóla 95 milljónir kr.,
- b) götur 75 milljónir kr.
- c) holræsakerfi 99 milljónir kr.
- d) endurnýjun bæjarbryggju 200 milljónir kr., þar af hlutur Fjallabyggðar 65 milljónir kr.

Skuldahlutfall Fjallabyggðar verður 33,4% án lífeyrisskuldbindinga en riflega 75% með þeim meðtöldum.

Ef handbært fé frá rekstri færi til greiðslu langtímaskulda og lífeyrisskuldbindinga tæki það rúmlega þrjú ár að greiða þær upp.

Eiginfjárlutfall verður 60%.

Veltufjárlutfall verður 1,46 og handbært fé í árslok 2016 verður 135 milljónir kr.

Stærsti málaflokkurinn í rekstri er fræðslu- og uppeldismál með 707 milljónir kr.

Gunnar Ingi Birgisson  
Bæjarstjóri